

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 18. október 2023

Umsögn Landverndar er varðar áform um lagasetningu – viðskiptavettvangur raforku

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér áform um lagasetningu, frumvarp til breytinga á raforkulögum.

Til grundvallar

Landvernd kallar eftir auknu gagnsæi og skilvirkni í notkun á raforku á Íslandi. Ísland hefur þá sérstöðu að 99,96% þess kemur frá vatnsafli og jarðvarmavirkjunum en öflun þess kostar verðmæti í þjóðareigu, náttúru landsins. Landvernd setur spurningamerki við hvort að tilskipun þessi eigi við á Íslandi þar sem hún tekur á ýmsum þáttum er varða raforkukerfi Evrópu en Ísland er ótengt því kerfi og á að vera það að mati Landverndar. Telur Landvernd að opinn viðskiptavettvangur með raforku komi til með að hafa hvetjandi áhrif til frekari orkuöflunar. Þetta er sérstaklega líklegt þar sem meirihluti núverandi orkuframleiðslu Íslendinga er þegar bundin í langtímasamningum og því óljóst hvaða orka muni rata inn á vettvanginn en almenningi og þjóðhagsleg mikilvægum fyrirtækjum verður að vera tryggður aðgangur að orku á fyrirsjáanlegum kjörum. Því færi best á því að slíkum aðilum væri haldið utan við slíkan markað. Mikilvægt er að viðskipti með raforku séu gagnsæ, að ekki skapist óeðlilegir hvarar og gæta verður þess að hafið sé yfir vafa að tilgangur þessa markaðar sé að tryggja almannahagsmuni fram yfir einkahagsmuni. Það er grundvallaratriði að ekki sé gengið á dýrmæta náttúru Íslands að nauðsynjalausu. Landvernd leggst því gegn því að opnaður sé slíkur markaður vegna sérstöðu Íslands en vill koma til skila athugasemdum á fyrirhuguðum lagabreytingum verði þær að veruleika.

Almenningi sé haldið utan við opinn raforkumarkað

Tekið er fram að með markaðinum verði neytendum tryggð raforka á samkeppnishæfu verði í samræmi við Evróputilskipunina sem byggt er á. Forsenda þess að raforka fari á opinn markað er að almenningi og þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum sé tryggður forgangur og að verði sé haldið í lágmarki fyrir þann hóp, enda má vænta þess að heimili landsins óski þess að fá að njóta hluta af sinni auðlindarentu í form lágs rafmangsverðs. Tryggja verður að almenningi og þjóðhagslega mikilvægum fyrirtækjum sé haldið fyrir utan sveiflur markaðrarins og sé tryggður fyrirsjáanleiki og forgangsorka á góðum kjörum. Nú eru engin lög sem tryggja forgang heimila og smærri fyrirtækja en hættar er á að dreifiaðilar sem nú dreifa orku til almennings taki stórnotendur fram yfir myndist þær aðstæður á markaði. Reikna má með eftirspurn eftir íslenskri raforku muni aukast og þar með muni myndast þrýstingur á verðhækkunir, sérstaklega sé litið til þess útfösunar jarðefnaeldsneytis á heimsvísu. Landvernd vill undirstrika að almenningur og þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki nota mjög lítinn hluta raforkunnar hér á landi og það væri algjörlega óviðunandi ef almenningur eigi að vera í samkeppni við stórnotendur.

Orku forgangsraðað í orkuskiptin

Á opnum markaði með raforku er mikilvægt að mengunarbótareglan sé innleidd til þess að hvetja til þess að orkan sé notuð í vistvæna uppbyggingu og letja til að hún sé notuð í mengandi iðnað. Landvernd hefur sérstaklega bent á það að endurskoða verði núverandi orkuráðstöfun og ráðstafa orku í mikilvægasta mál samtímans sem eru orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis. Opinn markaður verður að vera hvetjandi til þess að þessari stefnu stjórnvalda sé framfylgt.

Ekki er ljóst í frumvarpsáformunum hvort að veita eigi svigrúm fyrir stórnotendur að bregðast við flökti í verði mv. eftirspurn og draga úr notkun sinni tímabundið til að selja umframorku. Slíkur markaður getur aukið skilvirkni en verði það gert er algjört forgangsatriði að það verði ekki til þess að orka fari frá vistvænum og sjálfbærum iðnaði í mengandi iðnað. Einnig verða að vera á því einhver takmörk til þess að koma í veg fyrir að hægt væri að hamstra orku til skortsölu en vel getur orðið mögulegt að stunda slíkt með ört vaxandi tækni í orkugeymslu. Mikilvægt er að skýrar reglur séu á viðskiptum þessum og að hart sé tekið á markaðsmisnotkun.

Eftirlit og markaðsmisnotkun

Fyrirséð er að lagabreytingar þessar koma til með að auka álag á raforkueftirlit Orkustofnunnar en mikilvægt er að hlutverk eftirlitsins sé skýrt og þá sérstaklega hvað varðar ferla ef grunur er á markaðsmisnotkun. Gæta verður að því að eftirlitið fái ekki þetta nýja verkefni á sama tíma og fleiri breytingar eiga sér stað líkt og fyrirhugaða sameiningu stofnanna þar sem það eykur áhættu á því að eftirlitið sé veikt.

Að lokum

Stíga þarf mjög varlega til jarðar ef opna á markað fyrir raforku. Eftirspurn eftir raforku er óendanleg en öll orkuvinnsla hefur kostnað á náttúru og umhverfi. Óljóst er einnig hvernig þetta frumvarp kemur til með að hafa áhrif á núverandi samninga sem gerðir hafa verið til langs tíma við stórnotendur. Krafa almennings á að auðlindir okkar séu nýttar á ábyrgan og skynsaman hátt og að orkunni sé ekki varið í mengandi iðnað verður æ háværarari. Mikil afturför væri ef viðskiptavettvangur með raforku hafi þær afleiðingar að erfiðara sé að fylgjast með ráðstöfun orkunnar eða að mengandi iðnaður taki orku frá umhverfisvænni verkefnum.

*Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landverndar*

Þorgerður María Þorbjarnardóttir